Bílar í umsjón umdæma/sviða/starfsmanna

Eftirfarandi reglur eiga við þá bíla sem eru í umsjón umdæma, sviða eða starfsmanna. Upplýsingatækni og rekstur hefur yfirumsjón með bifreiðum stofnunarinnar í samráði við fjármálastjóra og áskilur sér rétt til að víxla bílum milli starfsmanna t.d. til að jafna akstur.

- Bíl og lyklum skal skilað á starfsstöð þegar umráðamaður er í fríi eða frá vinnu í lengri tíma, til að hámarka nýtingu bifreiðarinnar.
- Aukalykill bifreiðar skal geymdur á næstu starfsstöð í samráði við móttökuritara á Selfossi (mottaka@mast.is).
- Glatist eldsneytiskort eða lyklar skal tilkynna það án tafar til móttökuritara á Selfossi.
- Ávallt skal taka eldsneyti þar sem það er hagkvæmast skv. samningum við olíufélög (móttökuritari veitir upplýsingar um samninga við olíufélögin).
- Rekstrarvörur fyrir bílinn s.s. rúðuvökvi, Ad blue og rúðuþurrkur er hægt að greiða með eldsneytiskorti/-lykli.

Starfsmenn skulu virða umferðarreglur og vera til fyrirmyndar í umferðinni. Starfsmenn skulu halda bílum stofnunarinnar snyrtilegum.

- Persónulegt dýrahald í bílunum er óheimilt nema ef dýr er í búri.
- Lengri akstur í einkaerindum í vinnuferðum er óheimill.
- Allur akstur í einkaerindum utan vinnutíma er óheimill.

Rekstur bifreiðar

Umsjónarmaður bifreiðar skal sjá um og bera ábyrgð á eftirfarandi þáttum:

- Smálegt viðhald, skipti á rúðuþurrkum, perum o.s.frv.
- Almenn þrif, innan og utan. Heimilt er að kaupa alþrif og bón tvisvar á ári.
- Dekkjaskipti, dekk eru geymd á dekkjahótelum. Dekkjakaup eru alltaf í samráði við móttökuritara.
- Þjónustuskoðanir, smurning og bifreiðaskoðun.
- Viðhaldsviðgerðir s.s. skipta um bremsuklossa, bremsudiska o.s.frv.

Minni viðgerðir, smurning, þjónustuskoðanir o.þ.h.

Starfstöðvar/umdæmisstofur og umráðamenn sjá um rekstur sinna bíla s.s. bifreiða- og þjónustuskoðanir, smurningu, viðhaldsviðgerðir og minni viðgerðir.

Ef vafi leikur á heimild til viðgerðar skal leita álits hjá móttökuritara á Selfossi.

Stærri viðgerðir

Hafa skal samband við móttökuritara á Selfossi vegna stærri viðgerða. Þegar þörf er á (umfang, fjárhæðir o.fl.) leitar móttökuritari til fjármálastjóra sem tekur ákvörðun hvort viðgerðin svari kostnaði.

Gjaldskyld bílastæði og stöðvunarbrotagjöld

Matvælastofnun greiðir kostnað vegna gjaldskyldra bílastæða sem til fellur á vinnutíma. Starfsmaður greiðir þá annað hvort með innkaupakorti MAST eða innheimtir útlagðan kostnað gegn framvísun reiknings/kvittunar.

- Gjöld vegna stöðvunarbrota eru greidd af ökumanni. Falli gjöldin á MAST eru þau dregin af launum starfsmanns.

Matvælastofnun greiðir ekki fyrir gjaldskyld bílastæði utan vinnutíma og skal starfsmaður nýta sér bílastæði án gjaldskyldu.

Tjón og sektir

Virða skal umferðarreglur og vera til fyrirmyndar í umferðinni.

- Slys og tjón á bifreiðum stofnunarinnar skal tilkynna án tafar til móttökuritara.
- Hraðasektir og aðrar sektir eru greiddar af ökumanni bifreiðar.

Búnaður sem skal vera til staðar í bifreið

- Sjúkrakassi
- Tvö endurskinsvesti (í hurðarvasa sitt hvoru megin).
- Aðvörunarþríhyrningur.
- Rúðuskafa – sópur.
- Tjónaskýrsla.
- Eldsneytiskort/hleðslulykill á lykli (má ekki geyma í bílnum).